

Nd.

34. Frumvarp til laga

um breyting á vegalögum, nr. 101 19. júní 1933.

Flm.: Thor Thors.

1. gr.

Á eftir B. 8. í 2. gr. laganna bætist fjórir nýir liðir:

- a. Jökulsvegur: Frá vegamótum austan Fróðárheiðar um Breiðuvík til Hellusands.
- b. Eyrarsveitarvegur: Frá Stykkishólmsvegi um Helgafellssveit til Eyrarsveitar.
- c. Skógarstrandarvegur: Frá Vogaskeiði í Helgafellssveit um Skógarströnd að Skógstagli í Miðdölum.
- d. Hnappadalsvegur: Frá Stykkishólmsvegi um Hnappadal og Heydal að Bilduhóli á Skógarströnd.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt samkv. eindregnum óskum hreppsnefnda og héraðsbúa þeirra, er hér eiga hlut að máli. Þegar vegalögum var breytt árið 1933, var látið hjá liða að taka í þjóðvegatölu þær leiðir, sem frv. þetta fjallar um. Liggja til þess sterk rök, að þetta verði leiðrétt þegar í stað og sveitum þessum ásamt kaптúninu á Hellusandi komið í viðunandi samband við vegakerfi landsins, svo fljótt sem fjárhagur rikissjóðs fær leyft.

Um hina einstöku vegi skal þessa getið:

Jökulsvegur er ætlað að liggja um Breiðuvík, Hellna og Beruvík til Hellusands. Hefir hann í fyrsta lagi þá þýðingu að koma sveit þessari í vegasamband, en mjög riður á því fyrir bændur þar, einkum þegar þess er gætt, að nú er fyrirhugað að koma upp mjólkurbúi á sunnanverðu Snæfellsnesi, og má telja, að Breiðvikingum sé varnað viðskipta við það, vegna vegaleysis. Ennfremur kæmi þessi vegur Hellusandi, en þar eru nú um 600 íbúar, í varanlegt samband við sveitirnar sunnanfjalls á Snæfellsnesi og samgöngurnar frá Borgarnesi. Þar sem vegur þessi lægi eingöngu um láglandi, má telja vist, að hann verði akfær nær allan ársins hring. Loks má geta þess, að þar eð landslag á þessu svæði er mjög hrifandi og sérkennilegt, má vænta þess, að ferðamannastraumur yrði mjög mikill um þessar slóðir, ef bilfært væri þar.

Eyrarsveitarveginum er ætlað að koma þessari blómlegu sveit í vegasamband. Í Eyrarsveit eru ágæt skilyrði til landbúnaðar, og auk þess nokkur útgerð, sem mjög gæti aukizt, ef rikisvaldið vildi greiða fyrir hreppsbúum um útvegum skipakosts.

Skógarstrandarvegur er sameiginlegt áhugamál Snæfellinga og Dalamanna, þar eð hann er til þess að tengja saman þessi héruð og koma þeim í samband við vegakerfi landsins.

Hið sama má segja um Hnappadalsveginn, en auk þess skal á það bent, að telja má líklegt, að þessi vegur verði akfær allt árið, þar eð hann liggur um láglandi, en vist er, að vegurinn yfir Kerlingarskarð teppist alla vetrarmánuðina sakir snjóþyngsla.

Frv. samhljóða þessu var flutt á síðasta þingi, en náði þá eigi fram að ganga.